

Ár 2017, miðvikudaginn 12. apríl, kl. 12.15 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímannssyni, Sigurði I Halldórssyni og Sigurði Magnússyni dómurum í dómstól ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

**Fyrir var tekið málið nr. 5/2016:**

**Lyfjaráð ÍSÍ**

**gegn**

**Hinriki Inga Óskarssyni**

**og kveðinn upp svohljóðandi:**

### **DÓMUR**

Mál þetta er höfðað með ákæru Lyfjaráðs ÍSÍ, dags. 20. desember 2016, þar sem Hinrik Ingi Óskarsson, kt. 060994-2429, er ákærður fyrir að neita að gangast undir lyfjapróf þrátt fyrir að honum hafi verið gerð grein fyrir því að það myndi varða refsingu til jafns við fall á prófinu. Ákærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu. Lögmaður ákærða skilaði greinargerð, dags. 20. janúar 2017. Lyfjaráði ÍSÍ var kynnt greinargerð ákærða og skilaði Lyfjaráð ÍSÍ greinargerð, dags. 30. janúar 2017.

Málið var þingfest 7. febrúar 2017. Þar mættu af hálfu Lyfjaráðs ÍSÍ, Davíð Rúrik Ólafsson, form. Lyfjaráðs ÍSÍ, Birgir Sverrisson, starfmaður Lyfjaráðs ÍSÍ. Halldór Halldórsson, lögmaður Lyfjaráðs ÍSÍ var tengdur við fundinn í hátalara í GSM síma. Af hálfu ákærða, Ragnar Baldursson lögmaður og Hinrik Ingi Óskarsson. Einnig mætti vitnið Vilhelm Patrick Bernhöft, gjaldkeri Lyftingafélags Reykjavíkur fyrir dóminn samkvæmt beiðni ákæranda. Þinghaldi var framhaldið 17. mars 2017, þar sem Hrönn Svansdóttir, formaður Lyftingafélags Reykjavíkur og Birgir Sverrisson, starfsmaður Lyfjaráðs ÍSÍ báru vitni samkvæmt beiðni ákæranda. Munnlegur málflutningur fór fram og málið dómtekið.

### **Dómkröfur**

**Ákærandi:** Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til fjögurra ára óhlotgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá uppkvaðningu dóms að telja.

**Ákærði:** Krefst þess að málinu verði vísað frá eða hann að öðrum kosti verði sýknaður af kröfu ákæranda og að honum verði dæmdur málskostnaður með vísan til e-liðar 36.1 gr. laga ÍSÍ. Við munnlegan málflutning er þess krafist að verði ákærði dæmdur sekur, er farið fram á að hann fái 2 ár, en ekki 4. ár.

### Gögn málsins

1. Ákæra, dags. 20. desember 2016, ásamt fylgiskjöllum
2. Greinargerð ákærða, dags. 20. janúar 2017
3. Greinargerð Lyfjaráðs, dags. 30. janúar 2017.
4. Úrsögn úr félagi, dags. 12. ágúst 2016
5. Óútfyllt Lyfjaeftirlitsblað ÍSÍ

### Málavextir og málsástæður

Fram kemur í ákæru, að Hinrik Ingi Óskarsson, sem er félagsmaður í Lyftingafélagi Reykjavíkur, samkvæmt meðfylgjandi iðkendalista úr Felix (dskj. 1), var boðaður í lyfjaeftirlit 27. nóvember 2016, eftir Íslandsmótið í Crossfit, sem haldið var meðal annars í Íþróttahúsinu í Digranesi. Einnig kemur fram að Lyfjaeftirlit ÍSÍ var framkvæmdaraðili lyfjaeftirlitsins fyrir hönd Crossfitsambands Íslands (CFSI). „En þar sem CFSI er ekki aðili að ÍSÍ þá telst lyfjaprófið með tilliti til þessarar kæru utan keppnis próf. Kærði neitaði að gangast undir lyfjaeftirlitið þrátt fyrir að honum hafi verið gerð grein fyrir því að það myndi þýða fall á prófinu. Kærði viðhafði samkvæmt skýrslu lyfjaeftirlitsmanna ógnandi tilburði við þá og svo fór að þeir ákváðu að vísa honum út úr lyfjaeftirlitsaðstöðunni eftir að hann hafði staðfastlega neitað að gangast undir lyfjaeftirlitið.“

Ákærandi byggir á því að ákærði sé félagi í Lyftingafélagi Reykjavíkur sem er aðili að ÍSÍ. Samkvæmt 2. gr. í lögum ÍSÍ um lyfjamál sé lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot framið er einstaklingur neitar að veita sýni eða gangast undir lyfjapróf eftir boðun í lyfjapróf samkvæmt gr. 2.3. Er það mat ákæranda að ákærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu ákærða er bent á að samkvæmt gr. 10.3.1 í lögum um lyfjamál ÍSÍ skuli refsing ákærða fyrir fyrsta brot vera fjögurra ára óhluðgengi, nema íþróttamaður geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið að yfirlögðu ráði. Með hliðsjón af málavöxtum eigi það ekki við í þessu tilfelli.

Fram kemur í greinargerð lögmanns ákærða, dags. 20. janúar 2017, að ákærði sem tók þátt í móti á vegum CFSI 27. nóvember 2016, hafi verið kallaður í lyfjapróf á vegum keppnishaldara, sem hafði samið við Lyfjaeftirlit ÍSÍ um að framkvæma prófið fyrir CFSI. Vísað er til þess að fram komi á lyfjaeftirlitseyðublaði sem fylgir ákæru, að ákærða var kynnt að lyfjaprófið væri framkvæmt af sérsambandinu Crossfit og íþróttin væri Crossfit. Þá komi fram á eyðublaðinu að um próf innan keppni væri að ræða. Fram kemur að ákærði taldi sér ekki skylt að gangast undir lyfjapróf á vegum CFSI og neitaði hann því að gangast undir prófið, enda gangi slíkt próf nærri persónuréttindum hans, en þess beri að geta að ákærði hafi frá unga aldri glímt við alvarlega skapgerðarbresti og hafi alla tíð verið á sterkun lyfjum af þeim sökum og sé núna meðal annars á lyfinu Konserta, allt samkvæmt fyrimælum lækna er annast hafi ákærða frá barnsaldri vegna þessa. Þetta kunni að skýra viðbrögð hans þegar reynt var að fá hann til að undirgangast ólöglegt lyfjapróf. Fram kemur að ákærði biðst afsökunar á því að hafa valdið ótta hjá lyfjaeftirlitsmönnum. Einnig kemur fram að ákærði kveður rangt að lyfjaprófið teljist utan keppni, eins og haldið sé fram, enda sanni gögn málsins annað.

Ákærði byggir á því, að þegar af þeirri ástæðu að ákærði hafi ekki verið boðaður í lyfjapróf utan keppni, eins og byggt er á af hálfu ákæranda, eigi að sýkna ákærða. Það sé mikilvæg skylda að kynna fyrir ákærða, hvers konar lyfjapróf um sé að ræða, sérstaklega þegar aðstæður séu með þeim hætti að prófið sé tekið fyrir aðila sem stendur utan ÍSí. Ástæður þess að ákærði neitaði að gangast undir lyfjapróf séu eðlilegar og lögmætar. Honum hafi ekki verið skylt að gangast undir lyfjapróf á vegum CFSÍ og þess vegna geti ákærandi ekki byggt kröfur sínar á þeirri réttmætu synjun hans.

Ákærði kveður það ófullnægjandi að ætla að notast eingöngu við skjalið Waiver & Consent sem liggur frammi í málinu. Kveður ekki liggja fyrir að ákærði hafi lesið og undirritað þær síður sem ákvörðun CFSÍ byggir á, sem fela í sér tilvísun til lyfjamála. Skjalið sé á erlendu tungumáli sem ákærði sé ekki mjög vel að sér í og sé skjalið ófullnægjandi af þeirri ástæðu. Ekkert sé í skjalinu um lyfjamál annað en slóð á vefsíðu WADA og tilvísanir í einstaka kafla WADA Code. Ákærandi hafi ekki keppt í mótum á vegum Lyftingasambands Íslands um langa hríð. Sagði sig úr félaginu að eigin sögn á árinu 2016. Ekki hafi tekist að afla gagna um það á þeim skamma tíma sem gafst til að skila inn greinargerð í málinu, en áskilinn er réttur til að gera það síðar. Lyfjanefnd og dómstóll ÍSí hafi þess vegna ekki lögsögu yfir ákærða.

Við þingfestingu málsins, dags. 7. febrúar 2017, lagði lögmaður ákærða fram dómskjal nr. 4, Úrsögn úr félagi, dags. 12. ágúst 2016, þar sem eftirfarandi kemur fram:

*„Ég Hinrik Ingi Óskarsson, kt. 060994-2429 segi mig hér með úr Lyftingafélagi Reykjavíkur (LFR) og fer fram á að vera afskráður sem félagsmaður félagsins nú þegar í öllum skráum þess.“*

Skjalið er undirritað af ákærða og áritað um móttöku fyrir hönd LFR af Vilhelm P. Bernhöft, dags. 15. ágúst 2016.

Ákærandi óskaði eftir að Vilhelm væri kallaður fyrir dóminn til að staðfesta dagsetningu og undirskrift sína á dómskjalinu.

Vitnið Vilhelm Patrick Bernhöft mætti fyrir dóminn kl. 12.50. Aðspurður af ákæranda staðfestir vitnið dagsetningu og undirskrift sína á dómskjalið. Aðspurður um stöðu sína innan Lyftingafélags Reykjavíkur kveðst vitnið vera gjaldkeri félagsins frá upphafi sem hann minnir að hafi verið stofnað 2011. Aðspurður um tengsl hans við Hinrik kveðst vitnið hafa haft afskipti af ákærða þegar hann hefur verið til vandræða og vísaði til þess að honum hafi verið vísað úr stöðinni vegna óláta. Kveður þá ekki vera vini, en þeir séu samt vinir á Facebook. Aðspurður um verklag við skráningu félaga segir vitnið þetta tekið saman og tekin staða fyrir ársskýrslu og sendingu til ÍSí. Allur háttur sé á skráningu í félagið. Varðandi skráningu úr félaginu sé það eins og við skráningu í félagið. Segir þetta vera í fyrsta skiptið sem aðili skráir sig úr félaginu án þess að verið sé að skrá sig í annað félag. Aðspurður með hvaða hætti úrsögnin barst félaginu segir vitnið að Hinrik hafi hringt til sín. Hann hafi komið í eigin persónu með tilkynningu og það um kvittun fyrir móttöku. Fram kemur hjá vitninu að Hinrik hefur ekki greitt félagsgjöld. Aðspurður um hver haldi utan um félagaskráningu í Felix kerfinu, segir vitnið að hann og

formaðurinn haldi utan um þetta. Kveðst hafa skrifað undir úrsögnina og afhent Hinrik hana aftur og segist hafa nóterað hjá sér að skrá hann úr, en kveðst hafa gleymt því. Vitnið segir aðspurður að óformlegir stjórnarfundir séu haldnir í félaginu. Síðasti formlegi stjórnarfundur var haldinn s.l. sumar. Kveðst daglega tala við Hrönn formann. Ef eitthvað komi upp á þá reddi þau málunum. Aðspurður hvort hann hafi sagt Hrönn frá þessu. Vilhelm Patrick kveðst ekki muna það. Þykir ekki ólíklegt að hann hafi sagt Hrönn frá þessu. Vitnið kveður Hinrik skapbráðan, oft á tíðum barnalegan með dólghætti, en hann sé ljúfur drengur þar á milli. Aðspurður hvort það hafi ekki verið tíðindi að Hinrik hafi sagt sig úr félaginu. Vitnið segir að Hinrik hafi verið hættur í stöðinni á þessum tíma. Bréfið kannski sett fram í reiði og angist um hvernig var komið fram við hann. Kveðst hafa tekið bréfið þannig að þetta væri kannski sett fram meira í bræði en ekki væri mikil alvara þarna að baki. Fram kom hjá vitninu að þetta var eina bréfið. Kveðst hafa beðið Hinrik að senda sér afrit. Veit ekki til þess að það hafi borist. Fram kom að Vilhelm Patrick kveðst hafa skráð Hinrik úr Felix daginn áður (6. febrúar 2017). Formaður Lyfjaráðs spyr vitnið hvort það sé ekki eðlilegra að félagið haldi eftir úrsögninni í stað þess að ákærði hélt henni eftir. Vitnið segir að það sé rétt, en bendir á að hann hafi óskað eftir afriti.

Vitnið Hrönn Svansdóttur, formaður Lyftingafélags Reykjavíkur, mætti fyrir dóminn skv. beiðni ákæranda, 17. febrúar 2017. Ákærandi spyr vitnið hversu lengi hún hafi verið formaður. Vitnið kveðst hafa verið formaður frá ágúst 2012. Aðspurð kveðst hún þekkja skráningakerfið Felix ágætlega. Kveðst sjá um það ásamt Vilhelm. Aðspurð kveður hún fundað mjög sjaldan í félaginu. Kannski einu sinni á ári, hún og Vilhelm leysi mál milli funda. Aðspurð kveðst hún ekki hafa vitað um úrsögn Hinrkis úr félaginu. Aðspurð segir hún að það sé ekki algengt að félagar segi sig úr félaginu. Aðspurð kveðst vitnið hafa heyrt af bréfinu sem Vilhelm kvittar undir. Ákærandi leggur dómskjal nr. 4. fyrir vitnið og spyr hvort hún kannist við bréfið. Vitnið kveðst ekki hafa séð bréfið fyrr. Aðspurð hvort Vilhelm hafi rætt þetta bréf við hana, segir vitnið svo vera, en hún muni ekki nákvæmlega hvenær. Telur það hafa verið í lok janúar á þessu ári. Aðspurð hvort Vilhelm hafi aldrei nefnt það við hana að það þyrfti að skrá ákærða úr félaginu, kveðst vitnið ekki minnst þess. Segir það hafi komið upp að félögum hafi verið vikið úr félaginu.

Lögmaður ákærða spyr vitnið hvort eitthvað hafi verið að gerast 12. ágúst 2016, þegar ákærði sagði sig úr félaginu. Vitnið segir að í lok júní 2016 hafi átt sér stað atvik sem varð til þess að ákærða var vikið úr Crossfit stöðinni. Hann hafi komið aftur í ágúst, kringum verslunarmannahelgina, hún hafi verið tilbúin að endurskoða afstöðu sína ef hann myndi haga sér, sem hann gerði. Ákærði bæði þjálfari sjálfur og hann sé stundþjálfari í Ólympískum lyftingum í stöðinni sem verktaki. Segir Lyftingafélag Reykjavíkur hafa verið stofnað í kringum Ólympískar lyftingar innan Crossfit. Segir að ákærði hafi verið farinn að þjálfna á fullu um haustið. Honum hafi síðan verið vikið úr starfi strax eftir að hann vildi ekki gangast undir lyfjapróf.

Birgir Sverrisson, starfsmaður Lyfjaráðs kallaður inn sem vitni ákæranda í beinu framhaldi. Davíð formaður Lyfjaráðs spyr vitnið um viðbrögð Hrannar, formanns LFR, þegar hann lét hana vita að Hinrik hafi verið ákærður. Vitnið kveðst ekki muna annað en Hrönn hafi bara svarað, já

OK og síðan forvitnast um viðurlög við brotinu. Kveður þau síðan hafa átt samtál um óskyld mál. Hún hafi verið stödd erlendis á skíðum. Aðspurður kveður vitnið að það hafi ekki komið henni á óvart að Hinrik hafi verið ákærður á þessum forsendum.

Skýrslutaka af ákærða fór fram í beinu framhaldi þar sem honum var kynnt sakarefni. Ákærði kveðst þekkja það og hafa kynnt sér gögn málsins. Lögmaður spyr ákærða um störf hans hjá Crossfit. Ákærði kveðst staðfesta frásögn Hrannar um störf hans hjá Crossfit og hann hafi hætt þar í lok nóvember.

Gagnaöflun lýst lokið í málinu. Að svo búnu fór fram munnlegur málflutningur.

Í máli lögmanns Lyfjaráðs kom fram að Crossfitsamband Íslands hafi óskað eftir því að Lyfjaráð ÍSÍ annaðist lyfjaeftirlit á þessu móti. Lyfjaráð hafi oft sinnt svona eftirliti fyrir aðila og áskilur sér þá rétt til að nota niðurstöðurnar einnig fyrir sjálft sig, ef viðkomandi íþróttamenn eru innan ÍSÍ. Lyfjaeftirlitsmenn kynntu sig sem lyfjaeftirlitsmenn. Vísar til dómskjals nr. 5 og fer yfir lyfjaeftirlitseyðublaðin, sem eru fjögur. Vart þurfi að kynna eyðublaðið nr. 1 sem liggur frammi útfyllt og undirritað af lyfjaeftirlitsmönnum og ákærða í málinu, kveður íþróttamanninn fá eyðublað nr. 2 um boðun, þar komi fram skyldur íþróttamanns til að undirgangast lyfjapróf og réttindi hans við lyfjapróf. Kveður ákærða þrátt fyrir boðun hafa neitað að gangast undir lyfjapróf. Samkvæmt Felix hafi hann verið réttilega skráður undir Lyftingafélag Reykjavíkur þegar mótið var haldið. Nú liggi fyrir bréf um úrsögn ákærða úr félaginu 12. ágúst 2016, sem lagt var fram við þingfestingu málsins. Lögmaður Lyfjaráðs ÍSÍ kveðst líta svo á að skráningin trompi bréfið. Honum þykir ótrúverðugt hvernig bréfið kemur til, rétt áður en málið er tekið fyrir. Vilhelm geri ekkert með bréfið en lýsir yfir að hann og Hrönn séu einu aktívu stjórnarmenn í félaginu. Þykir bréfið, birting þess og vitnisburður Vilhelms ekki trúverðugur. Fallist dómurinn á úrsögnina séum við ekki í góðri stöðu í framhaldinu. Bendir á að menn geti þá bara skráð sig daginn eftir úr ÍSÍ. Kveður íþróttamenn eiga að bera ábyrgð á eigin skráningu. Lögmaður Lyfjaráðs kveðst byggja á því að ákærði sé í ÍSÍ. Lyfjaeftirlitsmenn boða ákærða í lyfjapróf, enda sé heimilt að boða í lyfjapróf íþróttafólk hvar og hvenær sem er, bæði í keppni og utan keppni. Vísar til skilgreiningar á „í keppni“ á bls. 41 í viðauka 1 við lög um lyfjaráð ÍSÍ og „utan keppni“ á bls. 42. Því sé haldið fram að ákærði hafi verið boðaður í þetta lyfjaeftirlit. Ákærði neitar að undirgangast lyfjapróf og það er sama og fall á lyfjaprófi.

Lögmaður ákærða gerir athugasemd við dómskjal nr. 5, kveður það ekki sanna neitt. Ekki liggi fyrir að bleika boðunarblaðið hafi verið afhent ákærða. Kveður úrsögn ákærða úr Lyftingafélagi Reykjavíkur liggja fyrir í málinu. Kveður ekkert ótrúverðugt við bréfið né framburð Vilhelms sem staðfesti úrsögn ákærða. Felix skráninguna kveður hann ekki vega þyngra en bréfið. Vísar til greinargerðar ákærða, bls. 3 (dskj. 2), þar sem fram komi að hann hafi að eigin sögn sagt sig úr félaginu á árinu 2016. Segir allt hafa verið í upplausn á milli ákærða og formanns LFR á þessum tíma. Mótmælir því að verði byggt á úrsögn ákærða í niðurstöðu málsins, verði það vandi fyrir framtíðina eins og ákærandi haldi fram. Í langflestum tilvikum fari lyfjaeftirlit fram. Þetta sé einstakt tilvik sem hér sé um að ræða. Kveður ákæranda byggja á því í ákæru að ákært sé á grundvelli þess að um utan keppni próf sé að ræða. Hins vegar sé hakað við í keppni á lyfjaeftirlitseyðublaðinu. Bendir á að þetta geti ekki staðist miðað við það sem haldið sé fram

í málinu. Kveður ákærða ekki hafa neitað að fara í lyfjapróf utan keppni. Mikilvægt sé að kynna lyfjaprófið rétt fyrir íþróttamanni, þ.e. innan keppni eða utan keppni. Kveður ákærða hafa neitað að gangast undir lyfjapróf í þessari tilteknu keppni, en ekki utan keppni próf. Lögmaður ákærða vísar til málsástæðna í greinargerð varðandi beitingu WADA CODE og vísar í því sambandi til gr. 16.1 og 16.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Segir að ef ákærða hefði verið kynnt þetta rétt, þá sé ekki óhugsandi að hann hefði brugðist rétt við. Kveður það skipta máli hvaða upplýsingar ákærði fékk. Sektin sé ekki sönnuð og saklausir menn eigi ekki að vera dæmdir. Ekki sé hægt að dæma á grundvelli þessara gagna. Ákærði er ekki skráður í LFR á þeim tíma sem keppnin á sér stað. Kveður ákærða hafa misst vinnu og styrktaraðila vegna þessa máls. Verði ákærði dæmdur sekur, fer hann fram á að hann fái 2 ár, en ekki 4 ár.

### **Niðurstöður**

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort ákærði hafi gerst brotlegur við lyfjalög ÍSÍ, þegar hann neitaði að gangast undir lyfjapróf í Íslandsmóttinu í Crossfit, þann 27. nóvember 2016, sem lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ framkvæmdi í verktöku á móttinu. Ákærði krefst frávísunar og til vara sýknu, auk málskostnaðar. Einnig er þess krafist að verði ákærði dæmdur sekur, fái hann 2 ár, en ekki 4. ár.

Í málatilbúnaði ákæranda er byggt á því að ákærði hafi verið skráður í Lyftingafélag Reykjavíkur 27. nóvember 2016 þegar hann var boðaður í lyfjæftirlit það sem hann neitaði að gangast undir.

Í málatilbúnaði ákærða kemur fram, að ákærandi byggir mál sitt á því að ákærði hafi neitað að gangast undir lyfjapróf utan keppni sem hann hafi verið boðaður til. Þetta sé rangt eins og gögn málsins sanni. Hann hafi ekki verið boðaður í slíkt próf, heldur ólöglegt lyfjapróf innan keppni á vegum sambands utan ÍSÍ. Þegar af þeirri ástæðu eigi að sýkna ákærða. Auk þess liggja ekkert fyrir í málinu hvaðan ákærandi sækir heimild til að fara fram á próf hjá ákærða utan keppni. Það eigi að leiða til frávísunar málsins. Einnig liggja fyrir úrsögn ákærða úr Lyftingafélagi Reykjavíkur, dagsett 12. ágúst 2016, sem gjaldkeri félagsins hefur kvittað fyrir móttöku á þann 15. ágúst 2016 og staðfesti hann það með vitnisburði sínum fyrir dómnum. Dómstóll ÍSÍ hafi þess vegna ekki lögsögu yfir ákærða.

Samkvæmt ofansögðu er ágreiningur um hvort ákærði hafi verið skráður í félag innan ÍSÍ þann 27. nóvember 2016 og kemur því fyrst til kasta dómara sem með málið fara að skera úr um það og líta við það til málatilbúnaðar aðila.

Við athugun á hvort sýnt hafi verið fram á að lög ÍSÍ hafi átt við um ákærða þegar meint brot var framið ber fyrst að líta á málatilbúnað ákæranda, sem ber sönnunarbyrði hvað þetta varðar. Ákærandi byggir á því að ákærði hafi verið skráður í Lyftingafélag Reykjavíkur þegar hann var boðaður í lyfjæftirlit og leggur fram útprentaðan iðkendalista úr Felix - félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ - því til sönnunar. Iðkendalistinn er dagsettur 1. desember 2016. Skjal sem sýnir félagaskráningu á tilteknum degi hefur ekkert sönnunargildi um það hvernig henni var háttað

einhverjum dögum fyrr. Því verður ekki ráðið með óyggjandi hætti af framlögðu málskjali að ákærði hafi verið skráður í félag innan ÍSí þann 27. nóvember 2016.

Dómur til refsingar fyrir lyfjamisnotkun er verulega íþyngjandi ákvörðun fyrir viðkomandi íþróttamann, sem verður að byggjast á ótvíræðri og fullnægjandi sönnunarfærslu. Dómurinn bendir á að sérstaklega áriðandi er að gengið sé úr skugga um aðild ákærða að félagi innan ÍSí á fyrstu stigum málsins í málum sem höfðuð eru vegna lyfjaeftirlits í verktöku fyrir aðila utan ÍSí.

Með vísan til þessa er það álit dómsins að málið sé vanreifað í ákæru, sem leiðir til frávísunar þess frá dómstólnum. Af því leiðir að ekki verður tekin efnisleg afstaða til annarra þátta sem aðilana greinir á um í málinu.

Kröfu um málskostnað ákærða er hafnað.

Málið hefur tafist vegna anna dómsformanns.

#### **Dómsorð:**

Málinu er vísað frá dómi.  
Kröfu um málskostnað ákærða er hafnað.

Halldór Frímansson (sign)

Sigurður I Halldórsson (sign)

Sigurður Magnússon (sign)

*Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.*